

Evrópufrimerki


1 gær mánudag 4. maí komu út hin svonefndu Evrópufrimerki. Verða þau sem fyrr segir í tveimur verðgildum, 180 og 220 aurar. Myndefni þeirra er að þessu sinni sótt í þjóðsögur, annars vegar í þjóðsöguna af Galdra-Lofti og hins vegar í þjóðsöguna „Djúpir eru Íslands álar“.

Evrópufrimerkin eru önnur frimerkjautgáfan á árinu, en í febrúar komu sem kunnugt er út tvö frimerki með myndum af þeim Finni Magnússyni og Magnúsi Stephensen, dómsstjóra.

Þriðja frimerkjautgáfan á þessu ári verður að öllum líkindum þrjú frimerki með íslenska fugla, músarindil, heiðlóu og hrafn, að myndefni í verðgildunum 50, 100 og 200 aurar, fjórða útgáfan eitt frimerki í tilefni Alþjóðaárs fatlaðra í verðgildinu 200 aurar og fimmta útgáfan eitt frimerki með jarðstöðina Skyggni að myndefni og að verðgildi 500 aurar. Þá er og í haust væntanlegt frimerki með málverkum eftir Gunnlaug Scheving að verðgildi fimmtíu krónur.

Akvörðun hefur ennfremur verið tekin um útgáfu frimerkis í tilefni 1000 ára afmælis kristnibóðs á Íslandi, en hönnun þess frimerkis er enn ekki lokið. Þá hefur og verið tilathugunar að gefa út sérstakt „jólfrimerki“ í tveimur verðgildum.

Hafinn er undirbúningur að frimerkjautgáfu næsta árs og hefur nú þegar verið tekin akvörðun um að gefa út frimerki í tilefni annars vegar af aldarafmæli bændaskólans á Hólum og hins vegar í tilefni af aldarafmæli Kaupfélags Þingeyinga. Einnig hefur verið ákveðið að gefa út frimerki með mynd af íslenska hestinum ásamt tveimur öðrum frimerkjum, helgubum almenningsbröttum. Ennfremur frimerki með mynd Þorbjargar Sveinsdóttur, ljós móður, í flokknum „Merki Íslendingar“, frimerki með íslensk dýr að myndefni, jólfrimerki og Evrópufrimerki.



Ein myndanna á sýningunni, ísberg í einu jökulónanna við jabra Vatnajökuls.

Ljósmyndasýning Björns Rúrikssonar á Kjarvalsstöðum

Þann fyrsta maí s.l. opnaði Björn Rúriksson ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum, þar sem hann sýnir landslagsmyndir, teknar úr lofti og á jörðu niðri. Þetta er sýning, sem Björn hefur farið með víða, því hann hélt sýningu í Nikon House Gallery í New York 1980 og aftur hélt hann sýningu í Newark Museum í New Jersey, í Bandaríkjunum.

Í sýningarskrá segir Björn: „Ljósmyndir líkt og málverk höfða misjafnlega til hvers og eins, en margir líta á ljósmynd öðrum augum en þeir líta málverk eða önnur myndverk. Eigi að síður er það staðreynd að í nágrannalöndum okkar er ljósmyndin að öðlast æ tryggari sess sem listform, ef til vill ekki hvað síð vegna þess hversu trú hún er hlutverki sínu.“

Sérhverri sýningu, stórrí sem

smárri, fylgir sá vandi að reyna að draga það fram sem leggja skal áherslu á, en líka ekki öðru. Það mat sem liggur að baki akvörðun um hvað skuli sýna og hverju skuli sleppt er mjög persónubundið. Í minum huga gegna ljósmyndir þessarar sýningar tvíþættum tilgangi. Annars vegar sýna þær umhverfið á mishlutlægan hátt, einkum með stöðningi lína og forma. Í hinn stað hafa þær merka sögu að segja, sögu um það hvernig landið okkar varð til.

Kynni mín af Íslandi hófust í bernsku. Eg átti því láni að fagna að mega dveljast í sveit vítt um land. Allar götur síðan hefur Ísland átt hug minn og hjarta. Eg hef í starfi og leik gert mér far um að kynna betur töfraheimi íslenskrar náttúru. Á þeirri vegferð hefur

mér reyzt mikilvert að ferðast um byggðir landsins og öræfi með samlöndum mínum og ferðalöngum lengra að.

Fyrir röskum hálfum áratug eignaðist ég hlut í flugvél. Sú nýja veröld sem ég gekk á vit hefur orðið mér óþrjústandi uppspretta myndefnis. Margar mínar beztu stundir hefji ég átt í háloftunum, og þar hefur mér lært betur en endranær að skilja mikilleik sköpunarinnar og smáb mannsins.

Það er von mín og ósk, að þessi sýning megi gleðja augu áhorfandans, og glæða löngun hans til meiri og betri kynna við landið, þann fjarsjóð sem okkur er ljáður, fjarsjóð sem á að geta orðið sérhverjum manni hvatning til dáða og sóknar fram á veg.

Sýningin verður opin fram til 17. maí nk.

Á RATSJÁNNI

Öll verðum við að hafa einhverntíð fastan punkt í tilverunni, eitthvað sem er óbreytanlegt og má treysta á, hvað sem á dynur. Þagall er ekki öðruvísi en annað fólk að þessu leyti. hann verður að hafa einhverja þungamiðju í tilverunni. Eitthvað, sem hann veit að er af hinu góða. Nú virðist, sem eigi að kippa teppinu undan þagli, og skilja hann eftir í óvissu heimi, án fastra viðmiðunarpunkta.

Þagall hefur alltaf treyst því, að fastir þættir í blöðum um veitingastabi og vinmenningu, væru af hinu góða. Þagall hefur ekki lengi farið svo á veitingahús, eða opnað svo vinfloösku, að hann fletti ekki fyrst upp í kultúrþáttum

menningu í dómum sínum. Fordómar, einkasmekkur hans og einhverjir fróðleiksmolar úr bókum virðast ráða ferðinni.

Þessi sjálfskipaði dómari og óréttlát gagnrýni hans eru hættuleg íslenskum veitingahúsum. Jónas ætti ekki að leyfa sér að telja fólk trú um að hann hafi þekkingu og reynslu sem hann hefur aldrei aflað sér.

Þar fór það, eins og segir í þjóðkvæðinu. Gastrónómískt gjaldþrot blaðanna er algert.

Annars virðist svo sem helsta deiluefni í fjölmiðlum þessa dagana snúist um meltingarveginn. Í vikuriti einu, sem nefnist Prout-blaðið, var nýlega að finna innlegg í hina gastrónómisku um-

— hlæðu bara? —
LEYNDARDÓMUR VEITINGAREKSTURSINS
 Hvernig íslensk hænsn verða að lúxusrétti
 Hann kallast nú ekki lengur hinu sveitalega nafni kjólu. Haldur hefur **VÍSIR**
 Yfirlýsing frá Eric Paul Calmon, yfirmatreiðslumelstara, vegna skrifla Jónasar Kristjánssonar um veitingahúsið Rán:
Þessi lýsing er atvinnurögur af versta tagi
 Dagblaðið Vísir, Síðunala, Reykjavík.
 sultulegur... verstar voru pómasteikar rækkur, sem eru óstar í sjúlu sér. Þetta var langversti lax svi minnar... og þetta í þeim dag, og áttan...
 Ísland ábyrgð á mínu eiddosi, og skrifa Jónasar eru einnig áráð á mína starfsmen þar. Mér finnst því nauðsynlegt að fram komi að ég er ekki...
 matargerð. Eg hef verið sem matreiðslumann í París og í Casablanca þekktur fyrir...
 Þagall

Tekist á um meltingarveginn

Jónasar Kristjánssonar og fengi þaðan línuna, um átök hins góða og illa í gastrónómíska heiminum. Nú virðist sú viðmiðun fyrir bí. Franskur matreiðslu- maður, Eric Paul Calmon, sem hefur það framyfir Jónas að hafa matreitt ofaní þjóðhöfðingja, hefur nú látið frá sér heyrna um gastrónómíuskrif Jónasar, og velur honum ekki góða einkunn. Calmon segir m.a.:

„Hvað Jónas Kristjánsson og skrif hans varðar, vil ég aðeins segja að ég hef lesið greinar hans um íslensk veitingahús. Jónas byggir hvorki á þekkingu né

ræðu, í grein, sem hét „Leyndardómur veitingarekstursins“, en í undir fyrirsögn sagði: „Hvernig íslensk hænsn verða að lúxusrétti með rétttri matreiðsluáðferð og finnum erlendum stimplum.“ Í greininni má m.a. lesa eftirfarandi:

Hin þjóðlega hefð bændameningarinnar að afhausa fuglinn með höggsvæðu í fjósdýrunum, kasta honum síðan upp í loftið og láta hann fljúga fjóra hringi í kringum skíthúsið, þykir nú „ókúltiveruð“ og er að heita má aflögð. Helst þarf reyndar að telja við-

skiptavininum trú um að hann sé einnig upprunninn og steiktur í því gósenlandi Ameríku, þaðan sem við höfum fengið flesta okkar nýju neyslusiði. „Kentucky fried chicken“ er því hið guddómlega nafn, sem kemur fyrirverandi kjúkling greiðlega fram hjá dómgreind neytandans, innfyrir varir hans og ljúfflega áfram niður meltingarveginn, án minnstu hugrenninga um að æti þetta gæti verið uppalið á íslensku hænsnaþriki.

Þetta er náttúrlega gert í samvinnu við þekktan erlendan auðhring, því annars myndi það

varla ganga. Með því að vera í sambandi (það alflottasta, „að vera í sambandi“) við þekktan auðhring og borga honum leyfisgjald fyrir nafnið og sósunu sem notuð er, gerist hinsvegar hið ótrúlega. — 100 kr. eru greiddar fyrir gamla íslenska hænu sem fóst af slýsförum.

Það er greinlega höggvið stórt víðar en á franska frontinum. Nú bíðum við spennití eftir því, að bandarískur kokkur frá Kentucky geysist fram á ritvöllinn, og taki Prout-blaðið Jónasartaki. A meðan borðum við öll söbna ýsu með kartöflum og hamsatólg. Þagall

KÚLTURKORN

Hátíðarsýning á La Bohème

Nk. miðvikudag verður sýning til heiðurs óperusöngvurunum Guðmundi Jónssyni og Kristni Hallssyni á La Bohème í Þjóðleikhúsinu, en þeir eiga báðir 30 ára afmæli sem óperusöngvarar á þessu vori. Er þetta lengsti ferill íslenskra óperusöngvara hér heima, en báðir voru þeir með í fyrstu óperusýningu leikhússins, Rigoletto, fyrir réttum 30 árum.


Þetta er í fyrsta skipti að haldið er upp á starfsafmæli söngvara í Þjóðleikhúsinu, en það hefur hins vegar oft verið gert þegar leikarar eiga í hlut, svo sem kunnugt er.

Guðmund Jónsson og Kristin Hallsson er að sjálfsgöðu óþarfi að kynna svo mjög sem báðir hafa verið tengdir sögu óperuflutnings á Íslandi.

Eftir að Guðmundur „sló í gegn“ í Rigoletto, hefur hann farið með fleiri hlutverk í Þjóðleikhúsinu en nokkur annar söngvari, fyrst og fremst í óperum, en einnig í óperettum, söngleikjum og öðrum sjónleikjum. Hann hefur verið fremsti barítónsöngvari okkar í mannsaldur og farið með ýmis veigamestu óperuhlutverk sem til eru, þar á meðal föburinn í La Traviata, Luna greifa í Il Trovatore, dr. Falke í Leðurblökunni (í báðum uppfærslunum), Tonio í Pagliacci, Scarpa í Tosca, Marcel í La Bohème, Sharpless í Madame Butterfly, Lindorf / dr. Coppelius / dr. Mirakel / Dapetto í Ævintýrum Hoffmanns, Zeta í Kátu ekkjunn, Ollendorf í Betlistudentinum, Malatesta í Don Paquale, Szupan í Sigaunabaroninum. Plumkett í Mörtu, greifann í Brúðkaupi Figarós, að gleymdum Figaró í Rakaranum frá Sevilla og Þór í Þrymskvíðu Jóns Asgeirssonar.

Kristinn Hallsson söng hlutverk Sparafuciles í Rigoletto-sýningunni vorið 1951, en fór síðan utan til náms. Eftir heimkomuna hefur hann verið í fararbroddi íslenskra bassasöngvara, farið með fjölda hlutverka í Þjóðleikhúsinu, t.d. Papageno í Töfraflautunni, djáknann í Tosca, Bartóló í Rakaranum frá Sevilla, Wangenheim í Betlistudentinum, Monterone í Rigoletto, Tristan í Mörtu, Figaró í Brúðkaupi Figarós, Frank í Leðurblökunni, Dancaire í Carmen, Ajax í Helenu fögru, og síðast en ekki sist Don Pasquale í samnefndri óperu. Þá lék hann einnig annan stúdentanna, Grím, í Skugga-Sveini.

Í La Bohème fara þeir með hlutverk Alcíndoros, fylgdarmanns Musettu, og og huseigandans Benotis. Auk hlutverka sinna í Þjóðleikhúsinu hafa þeir að sjálfsgöðu komið fram við margvísleg tækifæri, sem of langt yrði upp að telja og farið í tónleikaferðir innan lands og utan.



BOLABÁS

Sameinaðir stöndum vér!

Kristján Thorlácus og Asmundur Stefánsson lögðu áherslu á í sjónvarpsþætti 1. maí að sameina bæri BSRB og ASÍ. Hvi ekki að sameina hvort tveggja VSI?